



## Svör frá foreldum barna í leikskólanum Holti

Þessi könnun var aðallega gerð til þess að meta áhrif Erasmus+ verkefnisins: **Through democracy to literacy**, en einnig til að fá innsýn í viðhorf foreldra og forráðamanna til þátttöku í leikskólastarfinu. Foreldrar verða beðnir um að taka þátt í könnuninni tvisvar sinnum, haust 2016 og í maí 2017.


### Hvaða deild er barnið þitt á?




### Veistu að leikskólinn Holt er að taka þátt í **Erasmus+** samstarfsverkefni milli Íslands, Póllands, Spánar og Slóveníu?



Ef þú svaraðir já við fyrri spurningu, hvar heyrðir þú af Erasmus+ verkefninu, Through democracy to literacy?



Hversu oft ferðu inn á vefsíðu verkefnisins, <http://throughdemocracytoliteracy.wordpress.com?>



Hvernig telur þú að þátttaka kennara og barna í Erasmus+ verkefninu hafi haft áhrif á starfið í leikskólanum?

Nokkur sýnishorn af svörum:

- Ég tel að það auki þekkingu og víðsýni kennara að vera í alþjóðlegu samstarfi.
- Svo er líka alltaf gott að sjá hvað "hinir" eru að gera.
- Mjög góð áhrif. Góð áhrif.
- Eflir kennara í fjölbreyttu starfi með börnunum.
- Ég tel að þessi þátttaka geti/hafi bætt starfið í leikskólanum.
- Gaman að sjá hvað er að gerast í öðrum löndum og báðir aðilar læri af hvort öðrum.
- Þetta er frábært verkefni og hefur að mínu mati mjög góð áhrif á starf leikskólans.
- Þetta fær alla til að hugsa út fyrir boxið, vaxa og þróast, læra af öðrum ásamt því að gefa af sér til annarra.


- Hef ekki kynnt mér verkefni nægilega vel til að geta sagt til um það.

## Hvernig telur þú að þátttaka kennara og barna í Erasmus+ verkefninu hafi haft áhrif á barnið þitt?


*Nokkur sýnishorn af svörum:*

- Góð áhrif
- Mjög góð áhrif
- Sama svar og hér að ofan.
- Engin áhrif
- Ég tel að þátttakan hafi góð áhrif á barnið mitt á það leyti að hann er meðvitaðri um lestur og hlutverk sitt.
- Betri kennarar=betri leikskóli. Ég tel að öll vinna sem eflir kennara skili sér beint til barnanna.
- Ég þekki verkefnið ekki nægilega vel til að svara þessu
- Vakið áhuga þess á viðfangsefnum og aukið þekkingu þess
- Mér hefur fundist mikil aukning á málþroska og orðaforða
- Aukinn orðaforði og ýmsar þælingar komið upp. Barnið mitt er að tala um fólk frá öðrum löndum og það tali annað tungumál. Hann spurði mig t.d. um daginn hvort við gætum sungið ákv. lag á pólsku.


Veistu að leikskólinn Holt er að taka þátt í **eTwinning** verkefnum í tengslum við samstarfsverkefnið milli Íslands, Póllands, Spánar og Slóveníu?



Ef þú svaraðir já við fyrri spurningu, hvar heyrðir þú af eTwinning verkefnum?



Hversu oft ferðu (eða fórstu) inn á vefsíður verkefnanna:  
<http://fourheadeddragon.wordpress.com> og  
<https://ourerasmuscats.wordpress.com>?



Hvernig telur þú að þátttaka kennara og barna í eTwinning verkefnum hafi haft áhrif á starfið í leikskólanum?

Nokkur sýnishorn af svörum:

- Mjög góð áhrif

- Góð
- Hefur víkkað sjóndeilarhring kennara og gefið þeim hugmyndir
- Ofsalega skemmtileg vinna sem vakti mikinn áhuga á drekum.
- Góð áhrif, fjölbreyttara starf
- Hefur tvímælalaust haft góð áhrif.
- Ekki viss

## **Hvernig telur þú að þátttaka kennara og barna í eTwinning verkefnunum hafi haft áhrif á barnið þitt?**

### Nokkur sýnishorn af svörum:

- Mjög góð áhrif
- Hefur víkkað sjóndeilarhring kennara og gefið þeim hugmyndir
- Ofsalega skemmtileg vinna sem vakti mikinn áhuga á drekum.
- Gaman að taka þátt í svona alþjóðlegu verkefni og að kynnast mismunandi menningu landana
- Hefur tvímælalaust haft góð áhrif.
- Veit ekki
- Góð áhrif, fjölbreytt og skemmtilegt fyrir alla


## **Hvernig telur þú að þátttaka kennara og barna í eTwinning verkefnunum hafi haft áhrif á barnið þitt?**

### Nokkur sýnishorn af svörum:

- Mjög góð áhrif
  - Góð áhrif
  - kennarar sem fá hugmyndir og innblástur eru áhugasamir og það smitar í barnið.
  - Góð áhrif...víðsýnna barn
  - barnið mitt lærir bæði um dreka og ketti. barnið mitt lærir mikið á því að kafa dýpra í þetta eins og með könnunaraðferð. barnið mitt hefur gaman af því að velta fyrir sér hvernig kettir eru og fræðir alla á heimilinu um hvernig kettir eru, hreifa sig, borða og kallar upp fyrir sig ef eitthvað er röndótt eða doppót í umhverfinu
  - Meðvitaðri um þekkingu sína og að deila henni ásamt því að geta leitað að upplýsingum
  - Ekki viss
  - Aukinn orðaforði og skilningur. Áttar sig á því að önnur lönd eru til og þar tali fólk annað tungumál
-


## Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Hvernig finnst þér þátttaka þín vera í leikskólanum?




Upplifir þú að þú sért velkomin/nn til þátttöku í leikskólanum?

Merktu við frá 1-5 þar sem 1 er lítið velkomin/nn og 5 er mjög velkomin/nn.



Hefðir þú áhuga á að taka meiri þátt í starfinu?



## Ef svarið við síðustu spurningu var **JÁ**, þá hvernig viltu taka meiri þátt í starfinu?

### Nokkur sýnishorn af svörum:


- Flytja verkefnið um köttinn líka heima. Kannski að foreldrar fari út með barninu og reyni að finna kött senda myndir til ykkar og jafnvel að barnið fengi að segja frá og sýna hinu börnunum.
- T.d. með lestrarheimsóknum
- Það væri gaman að fá að koma kannski klukk tíma einstaka sinnum og fá að taka þátt (myndi kannski létta á kennurum)
- Ég er ekki viss
- fá að vera lengur þegar eg kem með barnið á leikskolann, t.d taka þátt í ca 30 min og svo kveðja þegar barnið er ánægt með að ég skuli vera að fara :)
- Með því að fylgjast vel með starfinu og taka þátt í viðburðum.
- Vera t.d. boðið að koma 1x í mánuði eða 2 mánaða fresti og geta þá kannski lesið fyrir börnin eða tekið þátt á annan hátt. jafnvel fengið að fylgjast með í 15-30 mín og tekið þátt í því sem börnin eru að gera þá stundina hvort sem það sé útivera eða tónlist.
- Veit ekki alveg - en kannski að eiga möguleika að koma og vera meira með í eh verkefnum.... Án þess að ég hafi hugmynd um hvað það ætti að vera :)

## Ef svarið var **NEI**, þá hvers vegna ekki?


### Nokkur sýnishorn af svörum:

- Er bara ánægð með samstarfið eins og það er
- Tímaskortur
- Ég er mjög ánægð með hvernig mitt barn þroskast og eflist með ykkar starfi. Þegar heim er komið vinnum við með það ásamt svo mörgu öðru.
- Finnst þátttakan mín vera hæfileg á þessum tímapunkti.
- Get ekki tekið of mikið að mér.


## Hefðir þú áhuga á að sækja örnámskeið á vegum leikskólans?



Hvaða örnámskeið myndu höfða til þín? Merktu við allt sem á við.



Hvaða tímasetningar myndu henta þér til að sækja slík námskeið?



Tekið saman af Heiðu Ingólfssdóttur

Desember 2016

Leikskólinn Holt

Reykjanesbæ